



Ársskýrsla 2010  
Námshagnastofnun

---



*Brot af útgáfum ársins 2010*



## Ársskýrsla 2010 Námsháttáttir

---

# Efnisyfirlit

<i>Formáli</i>	3
<i>Námsefnisgerð</i>	4
<i>Í dagsins önn</i>	5
<i>Útgáfur ársins 2010</i>	6
<i>Starfsmannahald</i>	9
<i>Kynningarstarf</i>	10
<i>Ágrip af 30 ára sögu Námsgagnastofnunar</i>	12
<i>Námsefnissýningin í Birmingham</i>	15
<i>IGEP ráðstefna í Póllandi</i>	15
<i>Ársreikningur fyrir árið 2010</i>	16
<i>Efnahagsreikningur 31. desember 2010</i>	16
<i>Rekstrarreikningur fyrir árið 2010</i>	16

## Ársskýrsla 2010

Námsgagnastofnun  
Reykjavík 2011  
Umsjón: Tryggvi Jakobsson  
Prentvinnsla: Litróf – Hagprent



# Formáli

## Námshagnastofnun þrítug

Námshagnastofnun hóf starfsemi sína í október árið 1980. Stofnunin átti því 30 ára starfsafmæli á árinu. Rétt þótti að halda upp á afmælið með hófsömum hætti, en þó þannig að sem flestir hefðu nokkra ánægju af. Því var ákveðið að af þessu tilefni yrði endurútfengin bókin Skólaljóð sem fyrst var gefin út 1964. Bókin, sem er fallega myndskreytt af Halldóri Péturssyni, naut mikilla vinsælda á sínum tíma og hafa margir saknað hennar eftir að útgáfu var hætt. Bókin kom út í október og dreifðist fljótt út til skólanna og reyndar líka á almennan markað, en það er annars afar sjaldgæft að bækur stofnunarinnar seljist þar í einhverjum mæli.

### Haustýningar á námsefni

Starfsfólk Námshagnastofnunar fer á hverju ári á haustþing kennara sem haldin eru víða um land. Þar eru settar upp sýningar á nýlegu námsefni og boðið upp á kynningar á nýju efni. Slík haustþing eru hins vegar ekki haldin á höfuðborgarsvæðinu og hafði það lengi valdið áhyggjum að kennarar á því svæði hefðu ekki aðgang að kynningum af þessu tagi. Því var ákveðið, í samráði við Skólastjórafélag Reykjavíkur, að gera tilraun með að setja upp slíka sýningu í Reykjavík haustið 2004. Hún þótti takast vel og hefur þetta orðið fastur liður í starfi stofnunarinnar síðan. Fyrstu sex árin var sýningin haldin í Árbæjarskóla í boði hús-ráðenda þar og verðum við þeim ævinlega þakklát fyrir gestrinsina.

En sýningin hefur vaxið og dafnað, öðrum útgefendum námsefnis hefur verið boðið að taka þátt í sýningunni og þeim hefur fjölgað árlega eins og reyndar gestunum sem hana sækja. Haustið 2009 varð ljóst að Árbæjarskóli dugði ekki lengur til að hýsa sýninguna. Þá voru teknar upp við-ræður við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um að sýningin yrði haldin í húsaýnnum sviðsins við Stakkahlíð. Erindinu var afar vel tekið og úr varð að sýningin var haldin þar í fyrsta sinn árið 2010. Með okkur voru 25 aðrir aðilar sem sýndu námsefni og tæki fyrir skóla. Sýningin var mjög vel sótt og bæði sýnendur og gestir lýstu ánægju með þetta nýja fyrirkomulag. Forráðamenn Menntavísindasviðs, með Jón Torfa Jónasson forseta sviðsins í fararbroddi, voru sömuleiðis ánægðir með tiltækið og þótti jákvætt að svo margir kennarar kæmu í heimsókn í sinn gamla skóla af þessu tilefni.

### Úrsögn úr ICEM

Námshagnastofnun hefur verið meðlimur í samtökum sem nefnast International Council for Educational Media, eða ICEM, frá árinu 1983. Eins og nafnið bendir til snýst starfsemi samtakanna um útgáfu fræðslumynda og námsefnis á stafrænu formi. Starfsmenn stofnunarinnar tóku virkan þátt í starfsemi samtakanna og Ásgeir Guðmundsson



Ingibjörg Ásgeirsdóttir.

fyrirum forstjóri var forseti ICEM um fimm ára skeið. Þátt-taka í þessum alþjóðlegu samtökum var afar mikilvæg fyrir stofnunina því með þátttöku sinni fékk hún aðgang að miklu úrvali fræðslumynda, tók þátt í samstarfsverkefnum margra þjóða um útgáfu námsefnis og fylgdist vel með nýjungum á sviði stafrænnar útgáfu. Það fór þó svo að starfsemi ICEM þróaðist í þá átt að snúast æ meira um fræðileg mál, t.d. rannsóknir á háskólastigi um notkun og þróun á stafrænu efni. Fulltrúar frá háskólum víðs vegar að úr heiminum hafa orðið fjölmennur hópur en framleiðendur fræðslumynda og útgefendur hafa smátt og smátt horfið af þessum vettvangi. Undanfarin ár hafa því vaknað spurn-ingar um mikilvægi þess að Námshagnastofnun haldi áfram þátttöku sinni í ICEM. Á miðju ári 2010 var sú ákvörðun tekin að rétt væri að stofnunin segði sig úr sam-tökunum og var þeim sent bréf þar að lútandi.

### Niðurskurður

Á fjárlögum fyrir árið 2011 fékk Námshagnastofnun niður-skurð á fjárveitingu að upphæð 33,7 milljónir eða 7,4% frá fyrra ári. Þetta gerir stofnuninni að sjálfsgöðu erfitt fyrir og mun fyrst og fremst koma niður á framleiðslu á nýju efni. Undanfarin mörg ár hefur verið sparað á öllum sviðum í starfsemi stofnunarinnar og aðhalds gætt í með-ferð fjárveitinga svo það er ekki af miklu að taka í rekstrinum og ekki er hægt að draga úr endurprentunum því skólar þurfa að hafa stöðugan aðgang að nýlegu efni sem er í fullri notkun. Það er því aðeins hægt að ráðast að hugmyndum og áætlunum um útgáfu nýs efnis og draga þar saman. Útgáfuáætlun fyrir árið 2011 er því umfangs-minni en sú sem unnið var eftir á síðasta ári, en reynt verður að gæta ýtrustu sparsemi á öllum sviðum til að fá sem mest af nýju námsefni fyrir fjárveitinguna.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir



# Námsefnisgerð

Á námsefnis- og framleiðslusviði Námsgagnastofnunar störfuðu í árslok alls 17 manns. Auk útgáfustjóra voru það níu ritstjórar, tveir prentsmiðir, kynningarstjóri, hönnuður, verkefnisstjóri, fulltrúi og tölvunarfræðingur. Að auki var ráðinn starfsmaður í umbrot til afleysinga yfir sumartímann.

Meginverkefni sviðsins eru undirbúningur og áætlanagerð vegna nýrra viðfangsefna á vettvangi námsefnisgerðar, ritstjórn þeirra verka, hönnun, umbrot og umsjón með endurskoðun eldra efnis. Útgáfuformið er með ýmsu móti: Nemendabækur, verkefnabækur og vinnuhefti á prentuðu formi, kennsluleiðbeiningar og verkefni á pdf-formi, hljóðefni, fræðslumyndir, kennsluforrit og loks gagnvirkir efni og námsvefir sem allt er gefið út á vef stofnunarinnar [www.nams.is](http://www.nams.is).

## Útgáfan

Til verkefna námsefnis- og framleiðslusviðs var varið samtals rúmum 234 milljónum króna á árinu 2010. Í vinnu höfunda og myndgerðarfólks fóru rúmar 64 milljónir króna. Um það bil 3 milljónum var varið í gerð og útgáfu fræðslumynda, tæplega 33 milljónum í gerð og útgáfu rafræns námsefnis og nærri 134 milljónum í prentun og aðra framleiðslu.

Á árinu komu út alls 315 titlar. Þar af voru 153 frumútgáfur, 17 endurútgáfur og 145 endurprentanir. Af frumútgáfum voru alls 59 titlar prentað mál, 14 titlar hljóðbækur og hlustunarefni, 15 fræðslumyndir og 65 titlar vefefni hvers konar. Þar af komu út 14 nýir námsvefir og gagnvirkir vefir og 51 titill til útprentunar á pdf-formi, auk annars smálegs. Samtals komu út á árinu tæplega 754 þúsund eintök. Hér fer á eftir yfirlit yfir það helsta sem kom út á árinu 2010 í einstökum námsgreinum.

## Íslenska

Til nýrra verkefna í íslensku var varið tæplega 26 milljónum króna á árinu. Meðal helstu verkefna má nefna að áfram var haldið útgáfu lestrarefnis í flokkunum *Listin að lesa og skrifa*, *Smábækur* og *Örbækur*. Samtals komu út 11 nýir titlar í þessum flokkum. Þá komu út tvær auðlesnar sögubækur, *Ég poli ekki bleikt* og *Lokaorð* og lokið var útgáfu vinnubóka og hljóðbóka með þeim flokki. Einnig má geta útgáfu stafaspjalda og veggspjalds með íslenska stafrófinu og þriggja gagnvirkra vefja, *Lestur er leikur*, *Leikur að íslenskum orðum* og *Orðaleikir*.

Á unglingsstigi má geta þess að hafin var útgáfa létttra endursagna nokkurra meistaraverka heimsbók-

menntanna, með bókunum *Fýkur yfir hæðir* og *Innrásin frá Mars*. Þá var einnig gefið út smásagnasafnið *Smásagnasmáræði* og *Skólaljóð* voru endurútgefin í tilefni 30 ára afmælis stofnunarinnar. Loks er að geta myndar af uppfærslu Stopp-leikhópsins á *Hrafnkels sögu* og myndanna *Norræn goðafræði* og *Íslendingasögur*.

## Listgreinar

Í listgreinar var varið tæpum 5 milljónum króna í ný verk á árinu sem leið. Stærsta einstaka verkið sem kom út var vefurinn *Myndmennt*, en einnig var bætt við efni á vefinn *Landfræði tónlistarinnar*, auk þess sem út kom lítið kver ásamt geisladiski sem heitir *Við spilum og leikum við litlu börnin*.

## Lífsleikni

Í lífsleikni kom út bókinn *Hugrún*, ætluð til heimspeki- og legrar samræðu við börn, vinnubók fylgir. *Náðu tókum á náminu* er lítið kver um námstækni og í bókinni *Vinir í nýju landi* lýsa fimm innflytjendur reynslu sinni. Einnig kom út fræðslumyndin *Vegurinn heim* sem fjallar um sama efni. Loks er svo að geta tveggja mynda um hjólræiðar, *Hjólum og njótum* og *Hjólum meira og njótum*. Til nýrra verkefna í lífsleikni var varið rúmum 5 milljónum króna á árinu.

## Náttúrufræði

Í náttúrufræði voru bókfærðar rúmar 19 milljónir króna til nýrra verka. *Lífheimurinn* er fyrsta bókinn í nýjum bókaflökki í náttúrufræði fyrir unglingsstigi sem nefnist *Litróf náttúrunnar*. Með henni fylgja kennsluleiðbeiningar og verkefni. Heftið *CO<sub>2</sub> – Framtíðin í okkar höndum* fjallar um loftslagsbreytingar í heiminum. Með því fylgir vefefni þar sem m.a. er hægt að nálgast fræðslumynd um gróðurhúsaáhrif. Þá er að nefna *Maðurinn, hugur og heilsa*, ásamt kennsluleiðbeiningum, vinnubók og hljóðbók, sem er nýtt efni um mannlíkamann fyrir miðstigi, og einnig heftið *Hani, krummi, hundur, svín* þar sem fjallað er um húsdýrin og er ætlað yngsta stiginu. Þemaheftið *Hornsíli* leit einnig dagsins ljós og loks er að geta fræðslumyndanna *Home*, *Í ríki fálkans* og *Úti í mýri*.

## Samfélagsgreinar

Samfélagsgreinar tóku sömuleiðis til sín rúmar 19 milljónir króna á árinu sem leið. Í landfræði komu út bækurnar *Evrópa* og *Norðurlönd*, ásamt vinnubókum, hljóðbókum, kennsluleiðbeiningum og lausnum. Þá kom út bókinn *Ísland, landið okkar* í endurskoðaðri útgáfu. Í sögu má einkum nefna bækurnar *Frá Róm til Þingvalla*, ásamt hljóðbók og kennsluleiðbeiningum, og *Sögueyjan 2. hefti* í flokki nýs efnis um sögu Íslands.



Loks er svo að geta fræðslumyndanna *Indland, risinn í austri* og *Gínea-Bissá, landið sem gleymdist*.

### Stærðfræði

Bókfærðar voru rúmar 14 milljónir króna til nýrra verka í stærðfræði árið 2010. Meðal þess helsta sem kom út má nefna að áfram var haldið útgáfu á nýja stærðfræðiefninu *Sprota*. Út komu á árinu *Sproti 3a*, *Sproti 3b* og *Sproti 4a*, ásamt kennarabókum verkefna- og æfingaheftum og fleiru. Þá var á árinu hafist handa við endurskoðun miðstigsfins í stærðfræði og komu út nýjar og endurskoðaðar útgáfur af *Geisli 1A* og *Geisli 1B*, ásamt lausnum.

### Trúarbragðafræði

Á árinu voru um 3,5 milljónir bókfærðar á ný verk í trúarbragðafræði. Í fræðslumyndaflokknum *Trúarbrögð mannkyns* bættust við þrjár myndir, *Bahá'í*, *Kínversk lífsspeki* og *Síkatrú*.

### Tungumál

Til nýrra verka á sviði tungumála var varið um 10,5

milljónum króna á árinu, auk innkaupa á ensku-kennsluefni frá Oxford University Press. Meðal helstu titla í dönsku má nefna smásagnaheftið *Pinligt*, ásamt kennsluleiðbeiningum og verkefnum og *Ekko, opgavebog B*. Þá var gefin út hljóðbók og talæfingar með bókinni *Dejlige Danmark* og opnaður nýr vefur fyrir byrjendur í dönskunámi, *Leg med dansk*. Í ensku kom út vefurinn *Play with English* og heftin *Write Right 1* og *2*.

### Upplýsinga- og tæknimennt

Um 4,6 milljónum var varið til nýrra verka í upplýsinga- og tæknimennt. Helst er þar að geta að opnaður var nýr vefur sem kennir fingrasetningu á lykklaborði og heitir *Fingrafimi*. Þá kom einnig út bókin *Nýsköpunarmennt*, ásamt fræðslumynd og æfingum.

Auk þess sem að framan er talið komu út nokkrar hljóðbækur á vef Námsgagnastofnunar, og lestrarbækur í flokkunum *Smábækur* og *Listin að lesa og skrifa* voru þýddar á táknmál.

---

## Í dagsins önn 2010

Vefsíðan *Í dagsins önn* var opnuð árið 2004. Markmið síðunnar var að koma til móts við þarfir grunnskólanna fyrir efni sem fjallar um það sem efst er á baugi hverju sinni. Haustið 2010 var opnaður nýr vefur hjá Námsgagnastofnun og þá ákváðu ritstjórar að yfirfara síðuna *Í dagsins önn*. Allar greinar voru teknar út í upphafi, sumar þeirra fóru strax inn á nýjan vef og eru nú sýnilegar meðan aðrar eldri greinar verða endurunnar eða teknar út. Á árinu hefur verið birtur fjöldi greina um málefni líðandi stundar.

Umfjöllun um náttúruhamfarir var umtalsverð á fyrrihluta ársins. Má þar nefna jarðskjálftann á Haítí í janúar og greinar um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.

Á norræna loftslagsdeginum 11. nóvember unnum við verkefni um loftslagsmál í samvinnu við Landvernd og Náttúruskólann í Reykjavík. Verkefnið var birt á vefnum og tengdust öll loftslagsbreytingum í náttúrunni.

Lífsleikni fékk þó nokkurt pláss enda mikil umfjöllun í samfélaginu um líðan barna á krepputímum ásamt umræðu um einelti. Þá unnum við verkefni í samráði við Rauða krossinn þar sem vefurinn „Ef ég bara hefði vitað“ var kynntur fyrir börnum. Einnig var Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni við Glerárkirkju á Akureyri, fenginn til að skrifa grein um mannréttindi.

Fyrir dag íslenskrar tungu 16. nóvember var sett inn mjög áhugavert kennsluefni um það hvernig hægt er að túlka ljóð í myndböndum. Einnig voru lagðar fram skemmtilegar hugmyndir um málsháttaverkefni fyrir nemendur.

Athygli var vakin á sýningunni „Ormurinn ógnarlangi“ í Gerðubergi þar sem börnum gefst tækifæri til að kynna sér ævintýraheim norrænnar goðafræði. Við tókum myndir á sýningunni og listakonan Kristín Ragna Gunnarsdóttir skrifaði grein um hana.

Jólavefurinn var útbúinn í desember þar sem jóla verkefnum var safnað saman á einn vef. Jóladaatal er orðið fastur liður á vefsíðunni og var ekki brugðið út af venjunni nú.

Fjöldamargar aðrar greinar birtust á vefnum á þessu ári. Má þar nefna umfjöllun um dag stærðfræðinnar 6. febrúar, netöryggisdaginn 9. febrúar, páskana, dag læsis 8. september, samgönguvíkuna 16.–22. september og evrópska tungumáladaginn 26. september. Einnig voru birtar greinar í tengslum við hrekkjavöku í októberlok, forvarnardaginn 3. nóvember, fullveldisdaginn 1. desember og Ljósahátíð í Selásskóla.

Ýmislegt fleira var fjallað um á vefsíðunni *Í dagsins önn* árið 2010, hér hefur einungis verið stiklað á því helsta.



# Útgáfur ársins 2010

## Frumútgáfur

### **Prentað efni**

#### *Handbækur*

Nýsköpunarmennt – Handbók kennara

*Samtals 1 titill*

#### *Kennaraefni*

Lífheimurinn – Kennarabók

Maðurinn, hugur og heilsa – Kennarabók

Sproti 2b – Kennarabók

Sproti 3a – Kennarabók

Sproti 3b – Kennarabók

Sproti 4a – Kennarabók

*Samtals 6 titlar*

#### *Nemendaeefni*

Auðlesin sögubók – Draugasaga Dóra litla – Vinnubók

Auðlesin sögubók – Ég heiti Grímar – Vinnubók

Auðlesin sögubók – Ég þoli ekki bleikt

Auðlesin sögubók – Ég þoli ekki bleikt – Vinnubók

Auðlesin sögubók – Lokaorð

Auðlesin sögubók – Lokaorð – Vinnubók

Auðlesin sögubók – Lygasaga – Vinnubók

Auðlesin sögubók – Óboðnir gestir – Vinnubók

CO<sub>2</sub> – Framtíðin í okkar höndum

Evrópa

Evrópa – Vinnubók

Frá Róm til Þingvalla

Fýkur yfir hæðir

Hani, krummi, hundur, svín ...

Hornsíli – Þemahefti

Hugrún

Hugrún – Vinnubók

Innrásin frá Mars

Litlu stafaspjöldin – A7

Lífheimurinn

Maðurinn, hugur og heilsa

Maðurinn, hugur og heilsa – Vinnubók

Náðu tökum á náminu

Norðurlönd

Norðurlönd – Vinnubók

Pinligt!

Ritrún 1

Ritrún 2

Ritrún 3

Smábók – Númi og konurnar þrjár

Smábók – Putalestin

Smábók – Sófus og svínið

Smásagnasmáræði

Sproti 3a – Nemendabók

Sproti 3a – Æfingahefti

Sproti 3b – Nemendabók

Sproti 3b – Æfingahefti

Sproti 4a – Nemendabók

Sproti 4a – Æfingahefti

Stafaspjöld – A4

Stafrófið – Veggspjald

Söguefjan 2. hefti 1520–1900

Við spilum og leikum við litlu börnin

Vinir í nýju landi

Write right, One – Workbook

Write right, Two – Workbook

Örbók – Fötin

Örbók – Gosið

Örbók – Í bíó

Örbók – Í búð

Örbók – Geimverur

Örbók – Hátíð í bæ

*Samtals 52 titlar*

*Prentað efni samtals 59 titlar*

### **Vefefni**

#### *Fræðslumyndir á vef*

Gínea-Bissá – Landið sem gleymdist

Goðsagnir

Íslendingasögur

Hjólum meira og njótum!

Hjólum og njótum!

Home

Hrafnkels saga Freysgoða

Indland, risinn í austri

Í ríki fálkans

Nýsköpunarmennt

Trúarbrögð mannkyns – Bahá'í trú

Trúarbrögð mannkyns – Kínversk lífsspeki

Trúarbrögð mannkyns – Síkatrú

Úti í mýri

Vegurinn heim

*Samtals 15 titlar*

#### *Hljóðefni á vef*

Auðlesin sögubók – Ég þoli ekki bleikt

Auðlesin sögubók – Lokaorð

Dejlige Danmark

Evrópa

Frá Róm til Þingvalla

Fýkur yfir hæðir

Innrásin frá Mars

Lífheimurinn

Maðurinn, hugur og heilsa



Norðurlönd  
Smásagnasmáræði  
Sögueyjan 2. hefti 1520–1900  
Þjóðfélagsfræði  
Æsir á fljúgandi ferð  
*Samtals 14 titlar*

#### *Gagnvirk efni/námsvefir*

Bækur á táknmáli  
Fingrafimi  
Fjaran og hafíð – Ný og endurbætt útgáfa  
Landafraeði tónlistar – Vefur  
Leg med dansk  
Leikur að íslenskum orðum – Vefur  
Lestur er leikur – Vefur  
Litróf náttúrunnar – Gagnvirk verkefni  
Loftslagsbreytingar á jörðinni – Vefur  
Myndmennt – Vefur  
Orðaleikir – Vefur  
Play with English  
Upp með hendur  
Upplýsingatækni fyrir 8.–10. bekk  
*Samtals 14 titlar*

#### *Pdf-skjöl á vef*

Kennsluleiðbeiningar  
Blákápa – klb  
CO<sub>2</sub> – Framtíðin í okkar höndum  
Smásagnasmáræði – klb  
Æsir á fljúgandi ferð – klb  
Trunt, trunt og tröllin ... – klb  
Vegurinn heim – klb  
Norðurlönd – klb  
Evrópa – klb  
Indland, risinn í austri – klb  
Frá Róm til Þingvalla – klb  
Sögueyjan 2. hefti 1520–1900 – klb  
Pinligt! – klb  
*Samtals 12 titlar*

#### *Verkefni til útprentunar*

Blákápa – Verkefni  
Dejlige Danmark – Talæfingar  
Evrópa – Verkefni

Frá Róm til Þingvalla – Verkefni  
Lífheimurinn – Verkefni  
Loftslagsverkefni – Verkefni  
Norðurlönd – Verkefni  
Nýsköpunarmennt  
Pinligt! – Verkefni  
Sproti 2b – Verkefni  
Sproti 3a – Verkefni  
Sproti 3b – Verkefni  
Sögueyjan 2. hefti 1520–1900 – Verkefni  
Trunt, trunt og tröllin ... – Ítarefni  
Upplýsingatækni fyrir 8.–10. bekk  
Jóladagatal 2010  
*Samtals 16 titlar*

#### *Lausnir á opnu svæði*

Sproti 3a – lausnir  
Sproti 3b – lausnir  
Geisli 1A – Ný útgáfa/lausnir  
Geisli 1B – Ný útgáfa/lausnir  
*Samtals 4 titlar*

#### *Læst svæði kennara*

Norðurlönd – Lausnir  
Evrópa – Lausnir  
Dejlige Danmark – Lausnir  
EKKO – Lausnir við vinnub. A og B  
Lífheimurinn – Prófabanki  
Maðurinn, hugur og heilsa – Lausnir  
Write Right, One – Answer key  
Write Right, Two – Answer key  
Frá Róm til Þingvalla – Lausnir  
Jóladagatal – Lausnir  
Sproti 2 – Miðsvetrar- og vorpróf  
Sproti 2 – Próf/leiðbeiningar og lausnir  
Sproti 2 – Próf/leiðbeiningar um eftirfylgni  
Sproti 3 – Miðsvetrar- og vorpróf  
Sproti 3 – Próf/leiðbeiningar og lausnir  
Sproti 3 – Próf/leiðbeiningar um eftirfylgni  
Sproti 4 – Miðsvetrar- og vorpróf  
Sproti 4 – Próf/leiðbeiningar og lausnir  
Sproti 4 – Próf/leiðbeiningar um eftirfylgni  
*Samtals 19 titlar*

Að þessum titlum komu 68 höfundar, þar af eru 16 útlendir sem eiga bækur sem hafa verið þýddar á íslensku. Þýðendur sem störfuðu fyrir Námsgagnastofnun árið 2010 voru 11, teiknarar voru 30, þar af átta erlendir teiknarar sem áttu myndir í þýðingum, ljósmyndarar voru 12 auk myndabanka og kvikmyndagerðarfyrirtækja. Inn á hljóðbækur og vefi lásu 20 lesarar.

Prentsmiðjur sem prentuðu efni fyrir Námsgagnastofnun voru 12 og hljóðupptökuver sem tóku upp hljóðefni tvö.





## Annað efni

### Aðkeypt efni frá OUP

Matrix Foundation Student's book  
Matrix Foundation Workbook  
Matrix Foundation Teacher's book  
Matrix Foundation Audio Class  
New Matrix Pre-Int Workbook  
New Matrix Pre-Int Teacher's book  
New Matrix Pre-Int Audio Class  
New Matrix Int Workbook

*Samtals 8 titlar*

### Endurútgáfur

Geisli 1A  
Geisli 1B

Holt og gott 1  
Holt og gott 3  
Ísland, landið okkar  
Stjörnumók – Merkúríus  
Ljóðspor  
Gott og gagnlegt 1 – Vinnubók  
Ísland, veröld til að njóta – Vinnubók  
Smábók – Númi  
Sproti 2a – Æfingahefti  
Sproti 2b – Æfingahefti  
Dejlige Danmark – Opgavebog  
Skólaljóð  
Skólaljóð – Skýringar, pdf  
Fjaran og hafið – Vefur  
Upplýsingatækni fyrir 5.-7. bekk  
*Samtals 17 titlar*

---

## Samantekt

### Frumútgáfur

Prentað mál	59 titlar	235.541 eint.
Vefefni:		
Pdf-skjöl	12 titlar	
Verkefni til útprentunar	16 titlar	
Gagnvirkt vefefni	14 titlar	
Fræðslumyndir	15 titlar	
Hljóðefni	14 titlar	
Lausnir og efni á læstu svæði	23 titlar	
<b>ALLS</b>	<b>153 titlar</b>	<b>235.541 eint.</b>

### Endurútgáfur

Prentað mál	16 titlar	74.500 eint.
CD	1 titill	150 eint.
<b>ALLS</b>	<b>17 titlar</b>	<b>74.650 eint.</b>

### Endurprentanir

Prentað mál	133 titlar	429.158 eint.
Aðkeypt efni	8 titlar	13.750 eint.
Hljóð- og mynddiskar	4 titlar	500 eint.
<b>ALLS</b>	<b>145 titlar</b>	<b>443.408 eint.</b>

### SAMTALS

**315 titlar** **753.599 eint.**

### Úthlutun námsgagna 2010

Úttektarheimild	289.996.000 kr.
Úttekt á árinu	272.312.121 kr.
Eintakaföldi	592.323 eint.
Meðalverð á eintak	460 kr.

Auk þess voru afgreidd 23.387 eintök utan kvóta.



# Starfsmannahald 2010

Eins og áður ríkti mikill stöðugleiki í starfsmannamálum Námsgagnastofnunar. Það er óhætt að fullyrða að hjá stofnuninni hafi svo verið um árabíl þó auðvitað hafi orðið eðlilegar breytingar eins og gerist og gengur.

Sigríður Sigurðardóttir gjaldkeri hóf töku lífeyris í samræmi við 95 ára regluna en hélt áfram í 50% starfi. Er það í samræmi við starfsmannastefnu Námsgagnastofnunar að gefa fólki kost á breyttu starfshlutfalli þegar dregur að lokum starfsævinnar.

Ingólfur Steinsson ritstjóri fór í 9 mánaða námsleyfi þann 1. september 2010. Til þess að leysa hann af, og einnig

til að sinna öðrum aðkallandi verkefnum, voru ráðnar þær Harpa Pálmadóttir og Elín Lilja Jónasdóttir, báðar í 50% starf. Harpa tók við ritstjórn í dönsku, öðrum listgreinum en tónlist, trúarbrögðum og hluta af íslensku á unglingastigi með Sigríði Wöhler. Elín Lilja tók við ritstjórn á Í dagsins önn, tónmennt, leiklist og íslensku á yngsta stigi ásamt Sylvíu Guðmundsdóttur.

Jón Pálmi Davíðsson, afgreiðslumaður, fór í veikindaleyfi síðla árs og í hans stað kom Rúnar Örn Eiríksson í tímabundið starf.



Í lok maí lögðu nokkrir starfsmenn Námsgagnastofnunar land undir fót að Fljótsdal, sem er innsti bær í Fljótshlíð, og hjálpuðu til við hreinsunarstörf eftir eldgosið í Eyjafjallajökli. Hér má sjá vaska sveit sjálfboðaliða á bæjarhlaðinu á góðum degi í lok maí.



Í ágúst viðraði vel til að grilla. Það nýttu starfsmenn sér í hádeginu einn daginn.



Þann 7. desember komu stjórn og starfsmenn saman í Víkurhvarfi 3 og minntust 30 ára sögu Námsgagnastofnunar með því að snæða saman hádegisverð. Af þessu tilefni voru Skólaljód endurútgefin, en þau hafa verið ófáanleg í tvo áratugi.

# Kynningarstarf



Áhugasamir kennara á fræðslufundi Ragnheiðar Sigtryggsdóttur, Íslenska sem annað tungumál.

Árið 2010 var um margt óvenjulegt ár í Námsgagnastofnun. Nýr vefur var opnaður í október og er óhætt að fullyrða að mikill tími hafi farið í uppsetningu á honum. En opnun á nýjum vef stoppar ekki annað sem sinna þarf, eins og kynningar, sýningar og námskeiðahald. Tveir kynningarbæklingar voru endurútgefnir út á árinu og sjö dreifibréf voru gefin út rafrænt á heimasíðunni og send út á póstlista stofnunarinnar.

Nokkrar rafrænar kannanir um námsefni og notkun þess voru sendar út á hluta af póstlistanum. Stærsta könnunin fór fram í október 2010 þar sem spurt var um námsefni; hvað væri gott, hvað slæmt og hvað vantaði. Úr þessari könnun fengust viðamiklar og gagnlegar niðurstöður að vinna úr. Við viljum sérstaklega þakka þeim kennurum fyrir hjálpina sem gáfu sér tíma til að svara þessum könnunum. Í febrúar var sett upp sýning á lestrarefni á Menntavísindasviði Háskólans, í tengslum við ráðstefnuna Leiðin til læsis. Einnig var sett upp sýning á þingi Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins, sem haldið var á Grand Hótel. Á öskudaginn var sýning á nýju námsefni í Ingunnarskóla, á vel sóttri ráðstefnu á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar og Kennarafélags Reykjavíkur.

Samstarf við Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands hélt áfram á þessu ári. Á bókasafninu var efnt til fimm sýninga á árinu á námsefni í flestum greinum, hver sýning stóð yfir í viku til hálfan mánuð.

Í ágúst var árleg sýning á öllu efni stofnunarinnar haldin í Húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Tilgangurinn með sýningunni er að kynna kennurum og öðrum áhugasömum allt efni, bæði eldra efni og nýtt, sem þeim stendur til boða hjá Námsgagnastofnun. 25

aðrir útgefnir námsefnis/námsgagna tóku þátt í sýningunni og kynntu efni sitt. Það má í raun segja að þarna hafi verið allt það nýjasta sem kennurum býðst á einum stað, á stærstu og fjölmennustu sýningu sem við höfum haldið. Öll bílastæði voru fullnýtt frá kl. 8–16, húsið fullt af áhugasömu fólki allan daginn og mikil stemning í góðu veðri. Almennt var mikil ánægja með sýninguna og kom fólk viðs vegar af landinu til okkar þennan dag. Námsgagnastofnun hélt alls 14 fræðslufundi fyrir kennara, sem flestir tengdust nýju námsefni, og sex vefkynningar þar sem ný heimasíða stofnunarinnar var kynnt. Einnig voru aðrir námsefnisútgefnir, ásamt Rannsóknarstofu námsgagna, sem tóku þátt í sýningunni með samtals 19 fræðslufundi á sínum vegum. Allir fyrirlestrar bæði á vegum stofnunarinnar og annarra voru vel sóttir. Við þökkum starfsmönnum Menntavísindasviðs kærlega fyrir lánið á húsinu og aðstoðina þennan skemmtilega dag.

Námsgagnastofnun tók þátt í árlegum haustþingum kennarafélaganna að venju. Einn ritstjóri fór með sýningu á Reyðarfjörð þann 12. ágúst á tveggja daga þing kennara á Austfjörðum. Þann 19. ágúst var send sýning á Hafralæk og fór einnig ritstjóri þangað til að svara fyrirspurnum. Ein stór sýning var haldin 6. september í samvinnu við Bókasafn Háskólans á Akureyri. Þar var sett upp vegleg sýning á námsefni sem stofnunin hefur gefið út á síðastliðnum fimm árum. Starfsmenn Námsgagnastofnunar mættu og kynntu nýtt efni í landafræði, náttúrufræði, stærðfræði, ensku og fleiri greinum. Auk þess voru haldnar vefkynningar þar sem ný heimasíða var kynnt. Aðsókn á þessa sýningu var því miður ekki mikil og olli nokkrum vonbrigðum. Helgina 10.–11. september var haldin ráðstefna um læsi í Brekkuskóla á Akureyri. Þar var sýnt allt lestrarefni sem stofnunin hefur gefið út og ritstjóri var til svara. Einnig var haldið

sameiginlegt þing kennara á öllum skólastigum á Akureyri þann 1. október sem var mjög fjölmennt og tókst í alla staði vel. Þar var Námsgagnastofnun með litla sýningu á því nýjasta og útgáfustjóri svaraði fyrirspurnum gesta.

Kennarar á Vestfjörðum héldu sitt þing 10. september og fengu senda þangað sýningu og fyrirlesara sem kynntu nýtt efni. Veðrið var svo gott fyrir vestan að einn fyrirlesarinn stakk sér til sunds í sjónum. Á sama tíma, 10.–11. september, var stór lestrarráðstefna á Akureyri sem var fyrir öll skólastig og á hana var send sýning á lestrarefni sem stofnunin gefur út. Einn ritstjóri fór norður á þingið til að setja upp sýninguna og svara fyrirspurnum.

Haustþing kennara á Suðurlandi var dagana 30. september og 1. október á Hótel Örk í Hveragerði. Þar var sett upp sýning og sendur þangað fjöldi fyrirlesara til að kynna nýtt efni. Kennarar á Suðurlandi halda alltaf stór þing og fá marga fyrirlesara frá okkur og öðrum til að kynna það sem er nýjasta á markaðnum. Síðasta haustþingið sem við sinntum var svo þing kennara á Vesturlandi, sem var haldið í Stykkishólmi 29. október. Þar var einungis um sýningu á námsefni að ræða en ekki kynningar eða fyrirlestra ritstjóra eða höfunda.

### Vefur Námsgagnastofnunar

Sífelld fjölgar þeim sem nota vefinn [www.nams.is](http://www.nams.is). Innlit á vefinn voru 669.880 árið 2010 sem er aukning um ríflega 80.000 innlit frá árinu 2009. Notendum fjölgaði um ríflega 30.000 á milli ára, en meðaltal á viku árið 2010 voru 8900 notendur.

Tíu vinsælustu gangvirku vefirnir okkar árið 2010 voru: *Leikur að íslenskum orðum*, *Fingrafimi*, *Play with English*, *Fuglavefurinn*, *Að skrifa rétt*, *Lestur er leikur*, *Orðakistur Krillu*, *Álfur*, *Gagnvirkar stafsetningaræfingar* og *Almenn brot*. Átta af þessum tíu vefjum eru á Krakkasíðum en aðeins tveir á Unglingasíðum, enda er mikill munur á innlitum á þessar tvær safnsíður.

### Nýr vefur

Árið 2010 var ráðist í að gera nýja heimasíðu Námsgagnastofnunar. Þetta hafði staðið til lengi og ýmsar hugmyndir verið á lofti. Undirbúningur hófst haustið 2009 og ýmsir möguleikar voru skoðaðir. Um haustið var samið við Eskil ehf. um gerð vefjarins og Arnar Ólafsson hönnuður hjá Skapalóni fenginn til að hanna hann. Skipt var um vefumsjónarkerfi, hætt var að nota Eplica og Lisa tekin upp í staðinn. Verkefnastjóri fyrir hönd Námsgagnastofnunar var Hildigunnur Halldórsdóttir tölvunarfræðingur.

Eins og gefur að skilja með jafn umfangsmikinn vef, gekk



á ýmsu og voru margar skoðanir á lofti hjá starfsmönnum um útlit og uppsetningu. Mikil vinna fór líka í að skanna og setja inn myndir á vefinn af öllu eldra efni, þannig að allt útgáfefnið væri gert myndrænt. Vefurinn var svo opnaður formlega 20. október með smávægilegum byrjunarörðugleikum, en fall er fararheill. Við endurhönnunina fékk vefurinn alveg nýtt útlit og ýmsir nýir möguleikar standa til boða, eins og að tengja saman efni sem á saman, þannig að auðveldara sé fyrir notendur að átta sig á því sem þeim stendur til boða. Helstu nýjungar aðrar eru að nú hefur verið sett upp vefverslun þar sem almenningur getur keypt bækur beint af stofnuninni, sem var ekki hægt áður. Skólar panta námsefni á vefnum eins og áður en nú geta skólastjórnendur fylgst með kvóta sínum á síðunni sem uppfærast eftir hverja pöntun. Þetta er því mikið hagræði fyrir þá. Afgreiðslu- og lagerkerfi er tengt beint inn á heimasíðuna þannig að ef vara er búin á lager kemur fram á síðunni að hún er ekki til. Að lokum má geta þess að á vefnum er sérstakt læst svæði kennara. Þar er hægt að nálgast próf og lausnir við ýmsar vinnubækur.

### Póstlistinn

Auk dreifibréfa, sem eru gefin út á rafrænu formi, og heimasíðunnar, er póstlistinn það samskiptatæki sem mest er notað til þess að hafa samband við kennara og aðra áhugamenn um starfsemi stofnunarinnar.

Í lok ársins 2010 voru tæplega 3400 netföng skráð á póstlistann og er það talsverð fjölgun frá árinu 2009. Allt áhuga-fólk um námsefni ætti að skrá sig á póstlistann, sem er okkar besta tæki til að ná til viðskiptavina stofnunarinnar.

### Auglýsingar

Námsgagnastofnun auglýsti reglulega í fagtímaritum kennara og sérblöðum, auk almennra dagblaða. Vefurinn var kynntur í útvarpi og útgáfur í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál í sjónvarpi. Ritfréttir hafa birst á árinu í Skólavörðunni og Skímu þar sem nýtt efni var kynnt.



1980–2010

# Ágrip af 30 ára sögu Námsgagnastofnunar

1980

Námsgagnastofnun verður til við sameiningu Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafns ríkisins. Skólavörubúð fylgir með.

1982

Þripulzú útgáfa hefst á sérkennslugögnum.

1982

KENNSLUMIÐSTÖÐ  
TEKUR TIL STARFA.

1983

Námsgagnastofnun gengur í samtök um útgáfu fræðslumynda og stafræns námsefnis, International Council of Educational Media eða ICEM.

1984

Námsefnisgerð flýst frá menntamálaráðuneyti til Námsgagnastofnunar.

1985

Námsgagnastofnun tölvuvæðist. Tölvubúnaður keyptur og úthlutun námsgagna hefst með nýju kerfi.

1985

Útgáfa hefst á fræðslumyndum á myndböndum í stað 16 mm kvikmyndafilma eins og verið hafði.

1986

Vörur Skólavörubúðar einnig skráðar í tölvu.

1986

Fyrsta útgáfa Gátlista Námsgagnastofnunar.

1986

Skrifstofur Námsgagnastofnunar fluttar frá Tjarnargötu 10 að Laugavegi 166.

1988

Fyrsta Stefnumótun Námsgagnastofnunar skráð.

1992

Fyrsta útgáfa af Starfsmannahandbók.

1992

Útgáfa hefst á stafrænu námsefni hjá Námsgagnastofnun.

1993

KENNSLUMIÐSTÖÐ FÆRÐ TIL KENNARA-HÁSKÓLANS.

1993

Skrifstofuhúsnæðið að Laugavegi 166 loks fullbúið.

30

1994

Útgáfa viðamikillar skýrslu um námsefni og viðhorf til Námsgagnastofnunar í 200 grunnskólum, sem byggðist á rannsóknum Ingvars Sigurgeirssonar.

1994

Námsgagnastofnun gengur í International Group of Educational Publishers, IGEP.

1994

Námsgagnastofnun tekur þátt í samstarfi um gerð 18 fræðslumynda og fimm bóka um Norðurlönd.

1998

Fyrsti forstjóri stofnunarinnar, Ásgeir Guðmundsson, lætur af störfum og Ingibjörg Ásgeirsdóttir tekur við.

1995

Námsgagnastofnun gefur út fyrsta margmiðlunardiskinn á Íslandi, Íslandshandbókina.

1998

FYRSTA ÚTGÁFA UMHVERFISSTEFNU.

1999

Skólavörubúð seld.

1999

Námsgagnastofnun opnar vef þar sem hægt er að fá upplýsingar um námsefni og skólar geta pantað efni af vef. Námsfniútgáfa hefst á vefnum.

1999

Námsgagnastofnun gefur út stafrænt námsefni til enskukennslu í samstarfi við fjögur útgáfufyrirtæki á Norðurlöndum. Efnið tilhefnt til verðlauna sem besta stafræna námsefnið í Evrópu á alþjóðlegri hátíð um stafrænt efni í Cannes og endar í 4.-5. sæti. Hugmyndin að efninu og kennslufræðin sem lögð var til grundvallar var samin hjá Námsgagnastofnun.

1999

Skjalastjórnunarkerfið GoPro tekið upp.

2000

Vefsvæðið Námsefni á vef formlega opnað með 24 titlum í ýmsum námsgreinum.

2000

FYRSTA JAFNRÉTTISÁÆTLUN STOFNUNARINNAR.

2001

Margmiðlunardiskurinn Alfræði íslenskrar tungu gefinn út í samstarfi við Lýðveldissjóð.

2002

NÁMSGAGNASTOFNUN TEKUR UPP ÁRLEG STARFSMANNASAMTÖL.

2002

Fyrsti stofnana-samningur gerður.

2004

Námsgagnastofnun tekur upp Stefnumiðaða árangursstjórnun (Balanced Scorecard).

2004

Skipulegar heimsóknir ritstjóra og stjórnenda í skóla teknar upp.

2004

Vefurinn í dagsins önn verður til. Þar geta kennarar og nemendur fengið nýjar upplýsingar og ábendingar um námsefni sem tengist því sem efst er á baugi hverju sinni.

2004

Námsgagnastofnun efnir til haustsýningar á námsefni, að höfðu samráði við Skólustjórafélag Reykjavíkur, í Árbæjarskóla í Reykjavík. Öðrum útgefendum námsefnis boðin þátttaka í sýningunni.

2005

Námsgagnastofnun heldur upp á 25 ára afmæli sitt með ráðstefnunni Námsefni og nemendur framtíðar sem haldin var á Grand Hótel.

2007

Hljóðbækur og annað hlustunarefni gert aðgengilegt til niðurhlaðs af vef stofnunarinnar.

2007

Fræðslumyndir gerðar aðgengilegar til niðurhlaðs fyrir skóla af vef stofnunarinnar.

2007

Ný lög um námsgögn samþykkt á Alþingi. Námsgagnasjóður stofnaður í menntamálaráðuneytinu sem skólar fá fjármagn úr til kaupa á efni frá öðrum útgefendum. Samtímis fellur svokallaður sérkvóti niður og stofnunin hættir að kaupa efni frá öðrum útgefendum fyrir skóla.

2008

Stjórn og starfsmenn Námsgagnastofnunar efna til fundar í Þjóðmenningarhúsinu með fulltrúum kennara, skólustjórnenda og foreldra til að ræða áherslur í útgáfu námsefnis og stefnumótun þar að lútandi.

2008

Námsgagnastofnun gerir í fyrsta sinn stafræna könnun á viðhorfum skóla til námsefnis og þjónustu stofnunarinnar.

2009

Námsgagnastofnun flytur starfsemina frá Laugavegi 166 og Brautarholti 6 og sameinast í fyrsta skipti undir einu þaki í Víkurhvarfi 3, Kópavogi.

2010

Námsgagnastofnun segir sig úr ICEM samtökunum.

2010

Nýr og verulega endurbættur vefur Námsgagnastofnunar lítur dagsins ljós. Námsefni í fyrsta skipti til sölu á vef.

2010

Haustsýning Námsgagnastofnunar hefur stækkað svo að hún er flutt úr Árbæjarskóla í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð.

# Námsefnissýningin í Birmingham



*Margt er að skoða á stórum námsgagnasýningum eins og í Birmingham.*

Á námsefnissýningunni í Birmingham, The Education Show, geta kennarar sem kenna nemendum í leik-, grunn- og framhaldsskóla fundið efni við sitt hæfi hjá yfir 400 sýndendum. Á sýningunni, sem haldin var í byrjun mars, var áhersla lögð á læsi og lesskilning. Tveir ritstjórar sóttu sýninguna, þær Ellen Eyjólfsdóttir og Sigríður Wöhler. Sýningin var yfirgripsmikil, fjölbreytt og margt spennandi til að skoða, s.s. lesbókaflokkar, harðspjaldaflættibækur,

vefefni og önnur námsgögn. Margir útgefendur höfðu m.a. unnið að því að taka sígildar sögur og stytta þær og gefa út í lesflokkum fyrir alla aldurshópa. Áhugi ritstjórnanna vaknaði á þessu efni þegar bækur frá fyrirtæki sem kallast Real Reads Ltd voru skoðaðar. Málin þróuðust svo þannig að komnar eru út hjá Námshöfundastofnun þrjár sígildar sögur á íslensku frá þessum útgefanda og sú fjórða er á leiðinni.

---

## IGEP ráðstefna í Póllandi

Árleg ráðstefna samtakanna International Group of Educational Publishers var haldin í Sopot í Póllandi dagana 10.–11. júní. Aldís Yngvadóttir og Tryggvi Jakobsson sóttu hana fyrir hönd stofnunarinnar og fluttu hvort sitt erindi sem bæði beindust að innihaldi námsefnis. Fluttu voru 26 önnur erindi sem fjölluðu flest ýmist um stafræna námsefnisgerð og -útgáfu eða markaðssetningu námsgagna og þjónustu í tengslum við þau. Eitt það athyglisverðasta sem fram kom var frá pólska fyrirtækinu Young Digital Planet. Það er ört vaxandi útgefandi sem eingöngu gefur út stafrænt efni sem kallað er Universal Curriculum. Um er að ræða alls 1100 kennslustundir í stærðfræði og náttúrufræði, með

meira en 30.000 skjámyndum. Aðgangur að efninu er keyptur í 25 löndum í öllum heimsálfum.

Tvö lykilerindi voru flutt á ráðstefnunni. Annað fjallaði um hagfræðilegar hliðar á dreifingu og sölu stafræns námsefnis. Þar var meginboðskapurinn sá að slíkt efni ætti alls ekki að vera ókeypis. Rökin voru þau að einhvers staðar ætti að koma fram kostnaður sem þyrfti tekjur á móti. Þetta væri eins og hver önnur markaðsvara. Hitt erindið fjallaði um tækniþróun fjölþátta notendaviðmóta í samskiptum tölvu og manneskju þar sem m.a. var sagt frá þróun búnaðar sem auðveldar nemendum með proska- og hreyfihamlanir að nýta sér tölvutæknina, t.d. með svipbrigðum, andlitshreyfingum og hljóði.



# Ársreikningur fyrir árið 2010

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Eignir	Skuldir og eigið fé
Veltufjármunir / skammtímaskuldir	kr. 206.964.412	kr. 42.988.814
Langtímakröfur / áhættufjármunir	kr. 0	
Langtímaskuldir		kr. 0
Höfuðstóll		kr. 163.975.598
<b>Alls</b>	<b>kr. 206.964.412</b>	<b>kr. 206.964.412</b>

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2010

Dagvinna	kr. 108.684.062
Aukagreiðslur	kr. 1.963.116
Yfirvinna	kr. 1.264.329
Launatengd gjöld	kr. 27.176.701
<b>Launakostnaður</b>	<b>kr. 139.088.208</b>
Fundir, námskeið og risna	kr. 680.651
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	kr. 520.245
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	kr. 1.504.250
Akstur	kr. 1.488.182
<b>Ferðakostnaður</b>	<b>kr. 4.193.328</b>
Tímarit blöð og bækur	kr. 10.422.499
Skrifstofuvörur og áhöld	kr. 37.006.986
Aðrar vörur	kr. 3.428.404
<b>Rekstrarvörur</b>	<b>kr. 50.857.889</b>
Önnur sérfræðipjónusta	kr. 107.175.494
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	kr. 4.102.824
Prentun, póstur, auglýsingar og flutningar	kr. 102.616.526
Sími og ýmis leigugjöld	kr. 5.180.430
<b>Aðkeypt þjónusta</b>	<b>kr. 219.075.274</b>
Verkkaup og byggingavörur	kr. 427.919
Rafmagn og heitt vatn	kr. 771.828
Húsaleiga og aðkeypt ræsting	kr. 41.066.192
<b>Húsnæðiskostnaður</b>	<b>kr. 42.265.939</b>
Vextir, bætur og skattar	kr. 18.367.746
Eignakaup	kr. 2.268.133
Birgðabreytingar	kr. -21.316.575
<b>Ýmislegt</b>	<b>kr. -680.696</b>
<b>Gjöld samtals</b>	<b>kr. 454.799.942</b>
Sértekjur	kr. 9.945.446
<b>Gjöld umfram tekjur</b>	<b>kr. 444.854.496</b>

